



## Fundargerð

Mánudaginn 6. maí 2013 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 13.00 á skrifstofunni á Blönduósi.

Á fundinn voru mætt: Magnús Sigurðsson, Ágúst Þór Bragason, Vignir Sveinsson, Magnús B. Jónsson og Auður H. Sigurðardóttir félagsmálastjóri.

Formaður stjórnar, Magnús Sigurðsson, setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fyrir fundinum lá fundargerð frá 7. febrúar sl. sem var samþykkt og undirrituð

### 2. Ársreikningur 2012

Fyrir fundinum lá ársreikningur Félags og skólaþjónustunnar sem unnin var af Davíð Bú Halldórssyni endurskoðanda.

Stjórn yfirfór fyrirbyggjandi reikning og gerði nokkrar athugasemdir og taldi ástæðu til að fara betur yfir nokkra liði. Magnúsi falið að vinna áfram að reikningnum og senda stjórn hann eftir þá yfirferð.

### 3. Hnitbjörg, samningur um endurbætur

Fyrir fundinum lá samningur við Stíganda ehf, að undangenginni verðkönnun, um endurbætur í kjallara Hnitbjarga. Samningurinn er að upphæð 15.837.288,- kr. og var undirritaður 16. apríl 2013. Fundargerð samningsfundarins lá einnig fyrir fundinum til kynningar. Fram kom að samið hefur verið Bjarna Þór Einarsson um að vera eftirlitsmaður að verkinu. Fulltrúi stjórnar gagnvart verktaka um framkvæmd verksins verður Ágúst Þór Bragason.

### 4. Sæborg

Fyrir fundinum lá erindi sem sent var velferðarráðherra 13. mars 2013 þar sem farið er fram á að hann beiti sér fyrir því að Dvalar og hjúkrunarheimilið Sæborg fá heimild fyrir hjúkrunarrými sem sé hægt að nota sem hvíldarrými og vísað til þess að vöntun sé á slíku fyrir fólk sem þarf á umönnun að halda eftir t.d. sjúkrahúsdvöl. Einnig lá fyrir svarbréf ráðuneytisins þar sem samþykkt er að breyta tveimur dvalarrýmum í eitt hjúkrunarrými. Eftir breytinguna verður Sæborg því með 6 hjúkrunarrými og 3 dvalarrými í stað 5 hjúkrunarrýma og 5 dvalarrýma áður.

Málefni Sæborgar voru rædd en bréfin voru til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við þau.

### 5. Dreifnám

Fyrir fundinum lágu fundargerðir starfshóps um dreifnám sem hefur unnið að undirbúningi á að dreifnám geti hafist næsta haust. Alls voru 8 fundargerðir starfshópsins fyrirbyggjandi:

1. Fundargerð 3.12.2012
2. Fundargerð 12.12.2012
3. Fundargerð 17.12.2012



## Félags- og skólaþjónusta A- Hún

4. Fundargerð 21.12.2013
5. Fundargerð 19.02.2013
6. Fundargerð 04.03.2013
7. Fundargerð 02.04.2013
8. Fundargerð 18.04.2013

Fundargerðirnar voru til kynningar en undir umræðum um þær kom fram að eðlilegt sé að Félags- og skólaþjónustan greiði laun fyrir fundarsetu frá og með 5. fundi þar sem verkefnið var samþykkt á fundi stjórnar Félags og skólaþjónustunnar 7. febrúar sl. Við umfjöllun um fundargerðirnar var bent á að starfshópurinn hafi ekki skipt verkum og kosið sér formann. Samþykkt að fyrir fundarsetu þeirra sem skipaðir eru í starfshópinn af aðildarsveitarfélögum verði greitt sem nemur 1,5% af þingfararkaupi en formaður fái 3%. Aksturskostnaður verði greiddur eftir framlögðum reikningum.

Ágúst Þór og Vignir sem báðir eiga sæti í starfshópnum skýrðu nánar framvindu verkefnisins og fóru yfir helstu atriði í undirbúningi málsins. Rætt var um hvaða kostnaðarskipting eigi að gilda fyrir þau útgjöld sem koma til við undirbúning og rekstur dreifnámsins. Samþykkt að fjárfesting eða gjaldfærður kostnaður sem fellur á Félags og skólaþjónustu skiptist eftir íbúatölu sveitarfélaganna 1. desember næstliðins árs. Rekstrarkostnaður verði hins vegar 50% eftir íbúatölu og 50% eftir nemendatölu frá hverju sveitarfélagi samanber kostnaðarskiptingu við fræðsluskrifstofu.

### 6. Önnur mál

Umræður urðu um tillögur sem unnar voru á vettvangi SSNV um sameiginlega barnaverndarnefnd fyrir Norðurland vestra. Fram kom að lokatillaga starfshóps um málið hafi borist stjórn SSNV en málinu hafi ekki verið lokið. Samþykkt að rita stjórn SSNV bréf og óska eftir að málið verið tekið upp að nýju og við það miðað að barnaverndarnefnd samkvæmt tillögum starfshópsins taki til starfa að afloknum næstu sveitarstjórnarkosningum 2014.

Ekki voru tekin fyrir önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 15.00

Magnús Sigurðsson,

Ágúst Þór Bragason,

Vignir Sveinsson,

Auður H. Sigurðardóttir

Magnús B. Jónsson